

# Dagur mannréttinda barna

20. nóvember 2021

## Kæri skólastjórnandi

Með bréfi þessu viljum við hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi minna þig og kennara skólans á að 20. nóvember ár hvert er Dagur mannréttinda barna. Við hvetjum ykkur til að stuðla að fræðslu um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í kringum þann dag þar sem daginn ber að þessu sinni upp á laugardegi og sendum ykkur hér þrjár mismunandi hugmyndir að verkefnum sem þið getið útfært fyrir nemendur ykkar í tilefni dagsins. Fyrsta verkefnið snýr að framtíðarsýn nemenda, annað að upplifun og lærdómi af Covid-19 og hið þriðja að nemendapingi í skólanum. Kennarar geta valið sér eitt eða fleiri verkefni auk þess sem fleiri hugmyndir að verkefnum er að finna á vefsíðu [Dags mannréttinda barna](#).

### 1. „Ég eftir 20 ár“ – Smásögur og myndsköpun

Í síbreytilegu samfélagi er oft erfitt að átta sig á hvernig foreldrar og kennarar geti búið börn sem best undir lífið. Störfín sem börn dagsins í dag munu gegna seinna meir er jafnvel ekki búið að finna upp ennþá og hver iðnbyltingin á fætur annarri ríður yfir. Samhliða þeim miklu vangaveltum sem eru ríkjandi um vægi hinna ýmsu námsgreina í skólanum og sífellt hærri raddir um að „skólinn eigi að kenna hitt og þetta“ er fróðlegt að spyrja börnin hvernig þau sjálf sjá framtíðina fyrir sér. Með þessu verkefni eru börnin hvött til að skrifa smásögu, útbúa myndband, teikna mynd eða tjá sig á einhvern annan máta sem er lýsandi fyrir líf þeirra eftir 20 ár. Hvar verða þau? Hvað verða þau að gera? Hvernig líður þeim? Hvað þurftu þau að gera til að vera á þeim stað sem þau eru á eftir 20 ár? Þið megið svo gjarnan senda okkur afraksturinn á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is) og við munum gera frásagnir þeirra sýnilegar á vefsíðu Barnaheilla.

### 2. Hvað hef ég lært af Covid?

Á dögum Covid-19 höfum við öll fundið fyrir þeirri röskun sem okkar daglega líf hefur orðið fyrir. Þið sem skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk hafið með starfi ykkar unnið mikið þrekvirkni að sjá til þess að líf barnanna hefur náð að halda eins miklum stöðugleika og kostur er á. Í ljósi þessara aðstæðna teljum við mikilvægt að fá innsýn í upplifun barna og ungmenna af þessum óvenjulegum tímum, líðan þeirra og hvaða áhrif þessar aðstæður hafa haft á líf þeirra. En ekki síður að hvetja nemendur til þess að líta á hvaða breytingar hafa orðið á þeirra lífi, er eitthvað nýtt sem þau hafa lært eða er kannski eitthvað sem þau eru hætt eða gera eða gera jafnvel öðruvísi nú en áður? Því hvetjum við ykkur til að biðja nemendur um að skrifa niður setningar, orð og/eða ummæli sem eru lýsandi fyrir hvað þau hafa lært af Covid-19. Þessum setningum viljum við biðja ykkur um að safna saman og senda okkur á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is) Allar setningarnar munu birtast á vefsíðu samtakanna nafnlaust og verður mjög fróðlegt að sjá afraksturinn.

### 3. Nemendaping í skólum

Ein af mörgum leiðum til að stuðla að mannréttindum barna er að setja á fót svokölluð nemendaping. Með þeim gefst börnum og ungmennum kostur á að koma hugmyndum sínum og tillögum á framfæri og hlusta

á hvað aðrir hafa að segja, það er nefnilega líka mikilvægt að kunna að hlusta! Kennarar geta nýtt sér slík þing sem lið í að vinna með grunnþáttinn lýðræði- og mannréttindi. Við hvetjum ykkur því til að hafa nemendaping í skólanum sem öll börn taka þátt í. Þið getið valið afmarkað þema eins og til dæmis jólin, símanotkun í skólum eða loftslagsbreytingar. Þið getið líka kallað eftir hugmyndum frá nemendum sjálfum. Meðfylgjandi er skjal með hugmyndum sem þið getið notað til hliðsjónar við skipulagningu nemendapings og að sjálfsgöðu takið þið mið af þeim aðstæðum sem eru í ykkar skóla.

## Segið okkur frá

Endilega segið okkur frá hvernig tekst til með nemendapingið og sendið okkur fréttir af því á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is) Við söfnum öllum gögnum saman og munum koma niðurstöðunum á framfæri auk þess verða þær sýnilegar á vefsíðu Barnaheilla.

## Fræðsla um Barnasáttmálann í skólum

Síðastliðin ár hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi sent bréf til allra skólastjórnenda og hvatt þá til að stuðla að fræðslu fyrir öll börn um Barnasáttmálann á þessum degi. Samtökin hvetja kennara barna á öllum aldursstigum að framfylgja því og festa þennan dag í sessi.

## Fræðsluefni um Barnasáttmálann

Fræðsluefni sem kennarar geta nýtt sér um Barnasáttmálann er m.a. að finna á eftirfarandi vefsíðum:

- [Barnaheill.is](http://Barnaheill.is)
- [Barnasáttmáli.is](http://Barnasáttmáli.is)
- [Dagur mannréttinda barna](http://Dagur mannréttinda barna)
- [Kynningamyndbönd um Barnasáttmálann](http://Kynningamyndbönd um Barnasáttmálann)

## Af hverju Dagur mannréttinda barna?

Þann 20. nóvember árið 1989 var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Með sáttmálanum sem var svo lögfestur á Alþingi árið 2013 var gríðarlega mikilvægt skref tekið til að tryggja með lögum réttindi barna. Árið 2016 var samþykkt á Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheillum var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Lögð hefur verið áhersla á að hvetja kennara á öllum skólastigum til að fræða börn um réttindi sín á þessum degi, m.a. með því að hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að dagurinn skuli eflur frá og með árinu 2021. Vinna skuli að því að gera 20. nóvember hærra undir höfði



og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna. Auk mennta- og menningarmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins bera forsætisráðuneyti og félags- og barnamálaráðuneyti einnig ábyrgð á deginum

Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims og kveður á um réttindi sem öll börn eiga að njóta, án mismununar. Til þess að réttindin nýtist öllum börnum er mjög mikilvægt að þau þekki réttindi sín og að samfélagið allt þekki í hverju þau felast og hvaða skyldur sáttmálinn leggur á herðar samfélagsins.

## Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru hluti af alþjóðasamtökunum Save the Children sem stofnuð voru árið 1919 og vinna að réttindum og velferð barna með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Barnaheill eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna og réttindi þeirra. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að hafa áhrif. Við stöndum vaktina í þágu barna og gætum



réttinda þeirra. Stærsti verkefni samtakanna eru [Vináttu](#) – forvarnaverkefni gegn einelti og [Verndarar barna](#) – forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi á börnum. Önnur stærri verkefni eru [Ábendingalínan](#) sem í samvinnu við m.a. lögregluembættið er hægt að tilkynna um óæskilegt efni á netinu, [Hjólásöfnun](#), [Ráðgjöf](#), ýmsir [samstarfshópar](#) sem vinna að málefnum barna, málsvarahlutverkið um t.d. fátækt og gjaldfrjálsan grunnskóla og [lagaumsagnir og ályktanir](#). Auk þess er [erlendum verkefnum](#) samtakanna sífellt að fjölga. Barnaheill eru frjáls félagsamtök og byggja alla sína starfsemi á frjálsum framlögum og styrkjum. Nánari upplýsingar um Barnaheill má nálgast á [vefsíðu samtakanna](#).